



## 1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2020 - 2021 haldinn fimmtudaginn 3. sept. 2020 kl.12:00. Fundurinn er fjölfundur í Zoom.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Frosti Jónsson, Þorgerður Anna Arnardóttir og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara, Anna Sóley Stefánsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

- Fjármál skólans  
Staða fjármála er góð, erum undir í flestum liðum miðað við áætlun. Aðkeypt þjónusta aðeins yfir enda búið að setja upp nýtt símkerfi sem skýrir það að hluta til. Heildarfjárheimildir eru yfir þannig að hægt verður að mæta viðbótarfjárútlátum. Rekstrarkostnaður heldur lægri en hefur verið. Umframkostnaður vegna Covid á þessa stofnun er óverulegur.
- Innritun á haustönn  
Innritun var góð og erfið. Vorum með mjög margar umsóknir en sjáum fram á að taka inn eitthverja í nóvember og svo væntanlega sækja nokkrir um í febrúar. Hefðum helst vilja taka inn þá sem velja skólann í fyrsta val en það er ekki leyfilegt að gera greinarmun á fyrsta og öðru vali.  
Skólanefnd lýsir áhyggjum vegna stöðu skólans þar sem fjölgun er í bænum og nágrannasveitarfélögum. Skólinn þarf á viðbyggingu að halda og kominn tími til að halda á lofti teikningum sem til eru að viðbót við skólann. Formaður skólanefndar og skólameistari áforma að skrifa bréf til ráðuneytisins og fá bæjaryfirvöld að borðinu líka.
- Breytingar á starfsmannamálum  
Litlar breytingar hafa orðið, tveir kennarar ráðnir inn vegna veikinda með stuttum fyrirvara. Tveir kennarar ráðnir inn vegna námsleyfa.
- Önnur mál  
Félagslíf NFFG - ýmislegt framundan en allt innan reglna um sóttvarnir, folkmót, ísbíll, peysur. Búið að skipa í ýmsar nefndir. Viðburðardagatal sett fram eins og allt sé leyfilegt en svo munu dagsetningar væntanlega breytast.  
Skóla-app FG mun verða tilbúið til notkunar innan skamms. Þar verða inni stundatöflur, miðasölukerfi ofl. Salsaball bókað í lok nóvember.

Breyting á gjaldskrá fyrir stöðupróf kynnt.

Fundi slitið kl. 12:45

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari